



Íbúðalánasjóður

Alþingi
Erindi nr. P 128/285
komudagur 27.11.2002

Alþingi
efnahags- & viðskiptanefnd b.t. Hildar Njarðvík
150 REYKJAVÍK


Reykjavík 27. nóvember 2002
Tilvísun: 0211035
60.12
GB/gb

Efni: Umsögn um frv. til laga um fjármálafyrirtæki.

Hér með sendist yður umsögn Íbúðalánasjóðs, sem beðið var um í bréfi dags. 6. nóv. s.l., um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki (heildarlög), mál nr. 215. Beðist er vervirðingar á því hvað svar þetta hefur dregist.

Sérstaklega skal áréttað það sem fram kemur í umsögninni að nauðsynlegt er að kveða nánar á um stöðu Íbúðalánasjóðs gagnvart lagafrumvarpi þessu til að koma í veg fyrir hugsanlega réttaróvissu. Bent er á að auðveldast sé að gera það með undanþáguákvæði varðandi Íbúðalánasjóð hliðstætt því sem nú er að finna í lögum nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Virðingarfyllst



Guðmundur Bjarnason

Hjálagt:
Umsögn um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki.



Umsögn um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi á 128. löggjafarþingi 2002 – 2003 og er flutt til að koma á heildarlöggjöf um fjármálafyrirtæki og laga löggjöfina um þessa starfsemi að því sem þekkist innan EBE.

Íbúðalánasjóður hefur þegar gert athugasemdir við drög að frumvarpi þessu og hefur í frumvarpinu verið tekið tillit til þeirra ábendinga Íbúðalánasjóðs að ekkert í starfsemi hans falli undir núgildandi lög nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði. Hins vegar verður ekki séð að tekið hafi verið tillit til ábendingar sjóðsins varðandi hugsanlega réttaróvissu í rekstri Íbúðalánasjóðs verði frumvarp þetta að lögum. Nánar tiltekið er hér um að ræða eftirfarandi.

Í 21. gr. laga nr. 123/1993 um lánastofnanir, aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði segir svo: *“Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. falla Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna ekki undir ákvæði laga þessara.”* Þar sem húsbrefadeild var á sínum tíma hluti Byggingarsjóðs ríkisins féll rekstur hennar því ekki undir lög nr. 123/1993. Í 1. mgr. 53. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál segir síðan: *“Við gildistöku laga þessara skulu Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna lagðir niður og sameinaðir. Frá sama tíma tekur Íbúðalánasjóður við hlutverki, réttindum, eignum og skuldum og skuldbindingum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Réttindi og undanþágur sem Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna njóta samkvæmt gildandi lögum skulu taka til Íbúðalánasjóðs.”* Skv. þessari grein fellur Íbúðalánasjóður því ekki undir lög nr. 123/1993 heldur nýtur þeirrar undanþágu sem 21. gr. þeirra laga gerir ráð fyrir.

Í frumvarpi því sem er hér til umræðu er hins vegar ekki að finna neina slíka undanþágu fyrir Íbúðalánasjóð, þannig að ekki verður skilið annað en að sjóðurinn eigi að falla undir ákvæði þessara laga þegar þau hafa verið samþykkt. Ef Íbúðalánasjóður á að falla undir væntaleg lög um fjármálafyrirtæki verður ekki annað séð en að starfsemi hans komist næst því að flokkast undir lánafyrirtæki skv. 3. tl. 4. gr. frumvarpsins. Skv. 13. gr. frumvarpsins skulu fjármálafyrirtæki starfa sem hlutafélög en í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 44/1998 um húsnæðismál segir m.a.: *“Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins er lýtur sérstakri stjórn og heyrir stjórnarsýslulega undir félagsmálaráðherra.”* Verður því ekki annað séð en að frumvarp þetta stangist all verulega á þau ákvæði sem er að finna í lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál og þurfi því að gera breytingar á öðru hvoru til að forðast réttaróvissu í rekstri sjóðsins.

Til þess að ekki komi til seinkunar á afgreiðslu frumvarps þessa verður því ekki annað séð en að einfaldast sé að taka undanþáguákvæðið varðandi Íbúðalánasjóð úr lögum nr. 123/1993 upp í frumvarpið þannig að Íbúðalánasjóður verði áfram undanþeginn þeim ákvæðum sem þar er að finna. Ef hins vegar vilji stendur til að gera breytingar á því rekstrarformi sem er á þeirri starfsemi sem Íbúðalánasjóður hefur á höndum í dag þarf einnig að gera grundvallarbreytingar á lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál, auk þess sem stjórnvöld þurfa þá að huga nánar að styrkingu eiginfjárstöðu sjóðsins, þannig að hann uppfylli ákvæði frumvarpsins um eigið fé.

Að öðru leiti hefur Íbúðalánasjóður ekki athugasemdir við frumvarp þetta.